

Samkomulag um innanlandsflug

Fundur stýrihóps og samráðshóps 7. febrúar 2014 á Reykjavík Natura

Athugasemdir Samtaka um betri byggð

Athugasemdir Samtaka um betri byggð (BB) við forsendur samkomulags um innanlandsflug má sjá í Fréttatilkynningu frá 27.10.2013 (í viðhengi). Auk þess spyrja BB:

1. Er innanlandsflug „almannasamgöngur“? – Notendur innanlandsflugs virðast einkum vera stórnotendur, sem fljúga á kostnað annara, t.d. skattgreiðenda. – Innan við 9% landsmanna fljúga einu sinni eða oftar innanlands á þriggja ára tímabili (m.v. 20011)
2. Hversu mjög er innanlandsflug niðurgreitt? – Rekstrarkostnaður innanlandsflugvalla, um 2.500.000.000kr á ári eða 5.500kr á flugmiða 2011, er borinn af skattgreiðendum. Hvorki er greidd lóðarleiga af landi ríkisins (6.500kr. á flugmiða) né borgarinnar (13.000kr á flugmiða) í Vatnsmýri (m.v. verðlag og farþegafjölda 2011).
3. Stendur innanlandsflug á fallanda fæti? Undanfarin ár virðist flugfarþegum hafa fækkað.
4. Er raunveruleg þörf fyrir miðstöð innanlandsflugs?
5. Er raunveruleg þörf fyrir innanlandsflug?

Forsendur Samtaka um betri byggð og almannahagsmunir:

1. Hlutverk borgar er að skipuleggja mannvæna og skilvirka höfuðborg fyrir borgar- og þjóðarhag.
2. Hlutverk flugmálayfirvalda er að reka flug á öruggan og skilvirkan hátt í sátt við landsmenn.
3. Í borgarskipulagi, flugi og öðrum samgöngum ber að hafa að leiðarljósi þjóðarhag, víðtækustu almannahagsmuni, ítrustu kröfur um skilvirkni, sjálfbærni, öryggi, staðbundna mengun og hnattræna losun.

Fyrirvarar Samtaka um betri byggð (BB):

1. BB benda á að yfirtaka ríkisins á landi Reykvíkinga í Vatnsmýri þann 6. júlí 1946 undir borgaralegan flugvöll átti sér enga stoð í lögum og rétti. Um var að ræða einhliða og óréttmæta aðgerð Alþingis og ríkisstjórnar Íslands í krafti 300% misvægis atkvæða.
2. Í mars 2001 samþykktu Reykvíkingar í almennt og í óræðislegri atkvæðagreiðslu að flugvöllur færi úr Vatnsmýri fyrir árslok 2016.
3. BB færa fyrir því gild rök að samkomulag ríkis og Reykjavíkurborgar 25.10.2013 um 6 ára frestun á lokun NS brautar á flugvelli í Vatnsmýri skaðar víðtæka almannahagsmuni íbúa á höfuðborgarsvæðinu og hefur neikvæð áhrif á þjóðarhag.
4. BB benda á að samkomulagið varpar skugga á sjálft lýðræðið í landinu með því að gera að engu lýðræðislega niðurstöðu almennrar atkvæðagreiðslu 2001. Það markar þannig dapurleg tímamót í síðari tíma stjórnmalasögu Íslendinga. Það vekur m.a. upp áleitnar spurningar um sjálfsákvörðunarrétt íslenskra sveitarfélaga.
5. Í sameiningu tapa ríki og borg m.a. mörgum tugum milljarða króna á frestuninni því mikill þjóðhagslegur ávinningur felst í að nýta sem fyrst byggingarlandið í Vatnsmýri. Stjórnlaus útpensla byggðar á höfuðborgarsvæðinu heldur áfram óheft með síauknum akstri, tímatöfum, mengun, útblæstri, heilsutjóni og beinum kostnaði heimila, atvinnuvega og sveitarfélaga.

6. BB telja að samkomulag ríkis og Reykjavíkurborgar frá 25.10.2013 sé skaðlegur biðleikur á sviði stjórnmalanna. Frá árinu 2001 hafa ríkið og flugmálayfirvöld haft nægan tíma til að undirbúa af kostgæfni flutning innanlandsflugs úr Vatnsmýri fyrir árslok 2016.
7. BB benda á að það er ekki hlutverk Reykvíkinga að finna nýtt stæði fyrir flugvöll: Þvert á móti eru borgarbúar fórnarlömb ólögmastrar yfirtöku ríkisins á Vatnsmýri 6. júlí 1946 og þolendur skaðlegra og óbættra áhrifa að flugstarfsemi þar í 67 ár.

glæra 3

- BB benda á að ríkið hefur vanefnt sinn hluta samkomulags frá 1999 og 2005
- BB benda á að athugun á Hólmsheiði, besta flugvallarvalkosti á höfuðborgarsvæðinu, væri löngu lokið ef flugmálayfirvöld hefðu ekki beitt sér gegn þeim valkosti.
- BB benda á að engin haldbær rök hafa verið færð gegn flugvelli á Hólmsheiði.

glæra 4

- BB benda á að hlutur almannahagsmuna á höfuðborgarsvæðinu er rýr í samráðshópnum.
- BB eru ekki áhugahópur með flutningi flugvallarins. BB eru samtök um betra borgarskipulag og mannvænna samfélag á höfuðborgarsvæðinu með víðtæka almannahagsmuni og þjóðhagslega arðsemi að leiðarljósi.
- BB spyr:
 - o Hvernig miðlar stýrihópurinn upplýsingum til samráðshóps?
 - o Hvernig miðlar samráðshópurinn upplýsingum til stýrihóps?
 - o Er skilgreindur tengiliður milli stýri- og samráðshóps?

glæra 5

- BB benda á mikilvægi þess að móttaka og meðferð á niðurstöðum stýri- og samráðshóps sé skilgreind strax í upphafi í (nýjum) verkþætti 5 til að draga úr líkum á að örlög þessa verkefnis verði þau sömu og allt of algengt er í íslenskri stjórnsýslu.
- BB telja að ljúka megi verkþáttum 2-4 í október 2014 og nýjum verkþætti 5 (afgreiðslu yfirvalda á niðurstöðum stýri- og samráðshóps) fyrir árslok 2014.

glæra 7

- BB benda á að flugvöllur í Vatnsmýri í núverandi eða breyttri mynd getur ekki komið til skoðunar sem flugvallarvalkostur (sbr. m.a. skýrslu ParX 2007 f. Sturlu Böðvarsson þáv. samgönguráðherra, AR 2030 o.fl.).
- BB benda á að í umræddu samkomulagi ríkis og borgar frá 25.10.2013 er hvergi rætt um nýjar útfærslur á flugvelli í Vatnsmýri (sbr.einnig AR 2030).

glæra 11

- BB vara stýri- og samráðshópana við því að í matstöfluna frá 2007 vantar nánast allt, sem skiptir mestu máli varðandi val á flugvallarstæði.

glæra 13

- BB benda á að í upptalningu vantar fjölmörg atriði, sem snúa að neikvæðum áhrifum flugvallar á samfélagið: Undir yfirskriftinni HAGRÆN ÁHRIF þarf í Kostnaðar / Ábatagreiningu að taka til meðferða mun fleiri atriði en gert var 2007

glæra 14

- BB benda á að neikvæð áhrif af flugvelli í Vatnsmýri á lífgæði og afkomu borgarbúa og á þjóðarhag eru einmitt ráðandi ástæður fyrir útilokun Vatnsmýrar sem flugvallarvalkosti.

Reykjavík 07.02.2014

Framkvæmdastjórn Samtaka um betri byggð